**Nd. 106. Nefndarálit**

um frumv. til laga um sundhöll í Reykjavík.

Frá mentamálanefnd.

Mentamálanefnd hefir athugað frumvarpið og átt tal við borgarstjórann í Reykjavík og formann Íþróttasambands Íslands í því sambandi. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM.

1. Við b-lið. Liðurinn orðist svo:
   Að ráðuneytið samþykki uppdrátt og lýsingu af sundhöllinni og legu hennar, enda sje hún eign bæjarfjelagsins.
2. Við d-lið. Aftan við liðinn bætist:
   Ráðuneytið ákveður aðgangseyrinn til eins árs í senn, að fengnum tillögum bæjarstjórnarinnar.

Alþingi, 6. febr. 1928.

Ásgeir Ásgeirsson, form. og framsm.    Sveinn Ólafsson, fundaskr.    Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Jónsson.    Lárus Helgason.